Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Spretts 07. Apríl 2026, fundur hófst kl 18:00.

Staður: Fundarherbergi Samskipahöllinni

Mætt eru: Halldór Gunnar Victorsson, Sævar Kristjánsson, Nína María Hauksdóttir, Sigrún Valþórsdóttir, Hildigunnur Guðmundsdóttir, Hrafnhildur Blöndahl, Haraldur Pétursson, Berglind Guðmundsdóttir

Fjarverandi:

1. **Vinnulag**
   Rætt um vinnuskal stjórnar, það þarf að koma upp excel-skjali sem geymt er á Teams svæði stjórnar sem allir geta skoðað og viðhaldið.

2. **Næstu viðburðir/mót**
   Karlatölt er næsta mót á dagskrá Spretts. Hrafnhildur hefur samband við Rafnar Rafnarsson, einn þeirra sem hefur verið í forsvari fyrir þetta mót síðustu ár um undirbúningin og Berglind ætlar að kanna með skráningu,
   Svo er stutt í Firmamót en Böðvar Guðmundsson er formaður þeirrar nefndar. Það þarf að fá einhverja til að halda mótið ef tök eru á því með svo stuttum fyrirvara.
   Um að gera að fá sjálfboðiliða tímanlega til að standa vaktina á komandi mótum eins og Íþróttamótinu og Gæðingamótinu sem krefjast talsverðs vinnuframlags.
   Einnig var rætt um að þörf væri á að snyrta í kringum vellina við fyrsta tækifæri.

3. **Flíkur fyrir landsmót.**
   Ákveðið að styrkja fatnaðarkaup fyrir börn, unglinga og ungmenni í tengslum við komandi Landsmót. Þetta er þó ekki sérstaklega fyrir keppendur heldur alla virka félagsmenn sem þess óska.
   Rætt um að bjóða fullorðnum að ganga inn í sama tilboðið frá birgjanum og myndi Æskulýðsnefndin hafa umsjón með því.

4. **Aðstaða í rennu**
   Rætt um að fá tilboð í gúmmí mottur í rennur, bæði í Samskipahöll og Húsasmiðjuhöll. Sævar tekur málið upp með Bjössa.

5. **Viljayfirlýsing**
   Halldór ætlar að vera í sambandi við Jónínu til að ræða næstu skref, þetta mál þarf að klárast sem fyrst.

6. **Hljóðkerfi ofl.**
   Rætt um hljóðkerfið fyrir reiðhallarsýningar og einnig niðri á keppnisvellinum. Haraldur talar við Davíð um hljóðkefið, fá leiðbeiningar eða útlistun á því sem þarf að laga/kaupa. Einnig að fá lausn til fletta glærum inni í sal þannig að ekki þurfi að standa við barborðið

Fundi slitið kl. 19:30

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson